

# Stefna um ábyrgar fjárfestingar

## Tilgangur og markmið

Stefnunni er ætlað að draga úr áhættu, styðja við sjálfbæra arðsemi fjárfestinga til lengri tíma og auka velferð samfélagsins. Reglurnar taka til félagsins sjálfs, stjórnar og einstakra nefnda eða þeirra starfsmanna sem falið er að hafa áhrif á, meðhöndla og greina fjárfestingar og fjárfestingasafn félagsins.

## Framkvæmd stefnunnar

Við fjárfestingaákvæðanir skal taka tillit til áhættuþátta sem fylgja fjárfestingunni. Ákvæðanataka fjárfestinga byggir á lögum, reglum og stefnum félagsins, auk þessa byggir hún á verklagi um forgreiningu á fjárfestingarkostum. Með stefnu um ábyrgar fjárfestingar leitast félagið við að taka tillit til umhverfisþátta, félagsþátta og stjórnarháttá (UFS) við fjárfestingarákvæðanir með það að markmiði að draga úr áhættu og skila sjálfbærri ávöxtun til langs tíma. Lögð er rík áhersla á að félög, útgefendur og sjóðir sem Sjóvá fjárfestir í fari eftir þeim lögum og reglum sem gilda um starfsemi þeirra.

## Upplýsingagjöf til stjórnar

Eignastýring skal mánaðarlega taka saman yfirlit yfir samsetningu og ávöxtun eignasafnsins í samræmi við ST-Fjárfestingarstefna og reglur um eignastýringu. Forstöðumaður eignastýringar ber ábyrgð á að yfirlit sé útbúið. Sjóvá mælir árlega kolefnisspor fjárfestingasafnsins og upplýsir stjórn um stöðu og þróun safnsins.

## Hlutverk fjárfestinganefndar

Fjárfestinganefnd skal fara yfir eignasafnið með tilliti til UFS þátta. Einnig skal fjárfestinganefnd líta til UFS þátta, ræða marktæk atvik, fréttir, þróun og fleira tengt UFS þáttum sem kunnu að koma upp í tengslum við fjárfestingar félagsins og eftir tilvikum senda minnisblað til stjórnar.

## Útilokun

Þó að litið sé til UFS þátta við mat á fjárfestingakostum mun Sjóvá ekki útiloka fjárfestingarkosti á grundvelli þeirra. Það kann þó að vera gert ef félög gerast brotleg gegn lögum og/eða stunda slæma viðskiptahætti eða stjórnarhætti. Ef Sjóvá hefur fjárfest í félagi sem hefur orðið uppvíst að slíku, eða ef samskipti við félagið hafa ekki skilað viðunandi árangri og úrbótum, mun Sjóvá leitast til við að selja sína stöðu í félaginu.

## Gildistaka

Stefna þessi um ábyrgar fjárfestingar var samþykkt af stjórn Sjóva-Almennra trygginga hf. þann 13. janúar 2026.